

## Viðauki 2

**Ákvörðun á magni vinýlklóríðs í matvælum.**

Aðferðir við undirbúning og framkvæmd mælinga eru þær sömu og lýst er í viðauka 1 að undanskilinni meðhöndlun sýna fyrir mælingu.

*Undirbúningur sýna af matvælum:*

Sýnið verður að vera dæmigert fyrir þá tegund matvæla sem greina á og mikilvægt að það sé gert svo einsleitt sem kostur er. Setja skal upp tvær raðir af að minnsta kosti sjö glösum. Í hvert glas er bætt að minnsta kosti 5 g af sýni, jafnmikið í hvert glas. Þá skal bæta í hvert glas 1 ml af eimuðu vatni, eða öðru viðeigandi leysiefni, fyrir hvert gramm af sýni. Í hvert glas er síðan bætt VC-staðallaun þannig að endanlegur styrkur VC í lausninni verði: 0; 0,005; 0,010; 0,020; 0,030; 0,040; 0,050 mg/kg af matvælunum. Heildarmagn DMA í hverju glasi skal vera það sama. Hlutfall heildarmagns ( $\mu$ l) VC- og DMA-launa og magns (g) matvæla skal vera eins lágt og unnt er (ekki hærra en 5) og hið sama í öllum glösum.

Að öðru leyti skal framkvæmd mælinga og úrvinnsla vera samkvæmt því sem fram kemur í viðauka 1.

28. desember 1993

Nr. 539

**REGLUGERÐ****um breyting á reglugerð nr. 50/1993, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila.**

## 1. gr.

1. tölul. 1. mgr. 9. gr. orðist svo: Ytri strimli, þ.e. kassakvittun viðskiptamanns. Strimillinn skal sýna sundurgreiningu viðskiptanna ásamt sérstöku auðkenni vegna sölu í hverju skatthlutfalli og dagsetningu viðskiptanna.

## 2. gr.

Á eftir 9. gr. reglugerðarinnar komi ný grein, er verði 9. gr. A, með fyrirsögninni *Sérstakt auðkenni vöru eða vörupakkningar*, svohljóðandi:

Smásöluverslunum skv. 8. gr. er skylt að auðkenna sérstaklega vörur sem um getur í 2. mgr. 14. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, með rauðri merkingu á viðkomandi vöru eða vörupakkningu eða sundurliða viðskiptin á reikningi eða fram komi á kassakvittun viðskiptamanns sambærileg sundurliðun og um ræðir í 5. gr., sbr. 3. og 4. tölul. 2. mgr. 4. gr.

## 3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 23. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, sbr. 1. mgr. 21. gr. laganna og öðlast gildi 1. janúar 1994.

*Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1993.*

F. h. r.

**Jón H. Steingrímsson.**

---

*Snorri Olsen.*